

Selfossi, 23. nóvember 2023  
2311230

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík


### Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 478. mál.

Á 63. fundi bæjarráðs Árborgar sem haldinn var 23. nóvember var eftirfarandi bókað í fundargerð:

*Bæjarráð Árborgar tekur í meginefnum undir þær breytingar sem koma fram í frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í lagafrumvarpinu eru löngu tímabærar breytingar á regluverki jöfnunarsjóðs sem tekur betur mið af stöðu og gerð sveitarfélaga í dag. Má þar sem dæmi nefna að árið 1990 voru sveitarfélög landsins 204 en eru í dag 64 talsins. Á umræddu tímabili hafa litlar breytingar verið gerðar á grunnreglum úthlutunar hjá sjóðnum.*

*Bæjarráð Árborgar telur þó mikilvægt að framlag ríkissjóðs í jöfnunarsjóð haldist óbreytt í 2,111 prósentum en lækki ekki í 2,034 prósent líkt og kemur fram í frumvarpinu. Greiðslur jöfnunarsjóðs hafa umtalsvert vægi í tekjum sveitarfélaga. Lækkun á framlögum ríkissjóðs til sjóðsins dregur úr lögbundnu jöfnunarhlutverki hans. Að öðru leyti telur bæjarráð Árborgar að tillögur frumvarpsins séu vandaðar og til þess fallnar að styrkja stöðu sveitarfélaga landsins.*

Virðingarfyllst,



Ejóla Steindóra Kristinsdóttir

bæjarstjóri

